

Alþingi
Umhverfis-og samgöngunefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2023

Efni: 941. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - Frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð

Með tölvupósti dags. 27. apríl sl. var Samgöngustofu boðið að koma á framfæri umsögn við frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.

Samgöngustofa kemur hér með á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

Í a) lið 2. gr. frumvarpsins er gerð krafa um að starfsemi og innviðir rekstrarstjórnunar flugumferðar/ flugleiðsöguþjónustu tryggi gæði og hámarki flugöryggi. Samgöngustofa bendir á að krafa um að „hámarka flugöryggi“ þarfnast frekari skýringar. Er krafa gerð um að öryggi sé hámarkað óháð áhrif á kostnað og skilvirkni? Að mati Samgöngustofu væri eðlilegra að gerð væri krafa um að tryggja gæði og öryggi auk þess sem SGS telur eðlilegt einnig að gera kröfu um hagkvæmni þjónustunnar.

Í b) lið 2. gr. er fjallað um „varaflugvallarþjónustu“ án þess að nánar sé skilgreint í hverju sú þjónusta felist. Samgöngustofa bendir á að hvorki varaflugvöllur né varaflugvallarþjónusta eru skilgreind í frumvarpinu og að það er að mati stofnunarinnar villandi að nota orðið „varaflugvöllur“ eins og það er notað í frumvarpinu eins og um sérstaka tegund af flugvelli sé að ræða. Samgöngustofu er ekki kunnugt um að til sé sérstök „varaflugvallarþjónusta“ – sem er á einhvern hátt frábrugðin flugvallarþjónustu, eða þjónustu þegar flugvöllur er notaður í öðrum tilgangi. Að mati Samgöngustofu væri réttara að segja að „flugvöllur til vara sé tiltækur fyrir flugumferð“.


Í 4. grein er fjallað um að framkvæmd Isavia ohf. og dótturfélaga á verkefnum ríkisins, þ.e rekstri flugvalla og rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsögu, og fjármögnun þeirra skuli útfærð í þjónustusamningum ráðherra við Isavia ohf. eða dótturfélög. SGS vill benda á að um stærstan hluta rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu eru í gildi reglugerðarkröfur um fjármögnun þjónustunnar sem skal vera byggð á cost-recovery nálgun og því ekki tæmandi að segja að fjármögnun skuli útfærð í þjónustusamningum.

Virðingarfyllt



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri lögfræði – og réttinda farþega



Hlín Hólm

Deildarstjóri, flugleiðsögu, flugvalla og flugflugverndar